



Fréttabréf Álfhólsskóla

1. tbl. September – október 2010

1. Skólabyrjun í Álfhólsskóla

Skólastarfi í Álfhólsskóla hófst þriðjudaginn 3. ágúst þegar skólastjórnendur hófu undirbúningsvinnu skólastarfsins eftir sumarfrí. Meðal annars var farið í lokafrágang stundarskráa, gerð nýrrar starfsmannahandbókarar og eyðublaða fyrir skólastarfið, skólahandbókar fyrir foreldra að ótöldum þeim verkum sem ávallt þarf að huga að í byrjum hvers nýs skólaárs. Kennarar mættu síðan til starfa 16. ágúst og tóku til við undirbúning kennslu, m.a. gerð skólanámskrár. Undanfarið hafa verið haldnir fræðslufundir fyrir starfsfólk um læsi, fjölmenningu, eineltisverkefnið „Saman í sátt, kennslu einhverfra og þróunarstarf í list- og verkgreinum. Framundan er kynning á verkefninu „Nám við hæfi“.



Skólastarfið hófst formlega 24. ágúst með skólaboðunardegi. Foreldrar komu þann dag í skólann með börnum sínum og hittu umsjónakennarann og undirrituðu skólasamning.

Skólasetning Álfhólsskóla fór fram í blíðskaparveðri í íþróttahúsi þann 25. ágúst sl. Skólastjórar kynntu stefnu skólans þetta fyrsta starfsár og helstu áherslur í skólastarfi vetrarins. Umsjónarkennarar tóku á mótí nemendum sínum

og 10. bekkingar buðu 1. bekkinga sérstaklega velkomna í skólann með því að færa þeim rós. Margar ljósmyndir voru teknar á þessum hátíðisdegi sem finna má á heimasíðu skólans. Fyrstu skóladagana tóku nemendur þátt í hópefli sem stýrt var af umsjónarkennurum.

2. Hafragrautur

Öllum nemendum í Álfhóls-skóla gefst kostur að fá hafragraut í boði skólans frá kl. 8:50 og þar til kennsla hefst. Einnig geta unglingar í 8. – 10. bekk fengið hafragraut í fyrstu frímínútum (nestisfrímínútum). Góð stemning hefur verið fyrir grautum og honum hefur verið gerð góð skil, sérstaklega á unglingastigi.



3. Skólapúlsinn í 6. – 10. bekk

Álfhólsskóli er þátttakandi í mælingum Skólapúlsins. Skólapúlsinn veitir skólastjórnendum stöðugan aðgang að nýjum upplýsingum sem aflað er mánaðarlega um þætti sem tengjast virkni nemenda og líðan þeirra í skólanum og um skóla- og bekkjaranda. Metinn er 21 þáttur með spurningalista á netinu fyrir nemendur í 6.-10. bekk sem tekur um 20 mínútur að svara. Spurningalistinn samanstendur af rúmlega 100 spurningum sem skiptast í fjóra flokka: Virkni nemenda, líðan nemenda, skóla og bekkjarandi. Þættir sem spurt er um eru: Ánægja af lestri, trú á eigin getu í íslensku, stærðfræði og náttúrufræði, stjórn á eigin árangri, þrautseigja í



námi, fjarvera, áhugi á stærðfræði, sjálfstraust, stjórn á eigin lífi, vanlíðan, kvíði, einelti, samsömun við nemandahópinn, samband nemanda við kennara, agi í tímum, hvatning kennara, virk þátttaka nemanda í tímum, mikilvægi heimavinnu í náminu og trú á eigin vinnubrögð í námi. Nemendur geta valið

um að svara könnuninni á íslensku, dönsku, sænsku, pólsku, ensku, litháisku og tagalog (tungumál Filippseyja). Skólapúlsinn er ekki altækt matstæki fyrir grunnskóla en nýttist vel sem einn þáttur í innra mati þeirra. Fjöldi þátttökuskóla í september 2010 eru 71. Nánari upplýsingar um skólapúlsinn má finna á heimasíðu hans, http://skolapulsinn.is/um/?page_id=98

4. Stofnun foreldrafélags Álfhólsskóla

Mánudaginn 28. september var haldinn stofnfundur og aðalfundur foreldrafélags Álfhólsskóla. Þátttaka foreldra á fundinn var mjög góð. Kosin var 5 manna stjórn foreldrafélags og 2 varamenn. Í stjórn eru þau Sigurður Grétarsson (formaður), Hildur Kristín Sveinsdóttir, Karen



Jenný Heiðarsdóttir, Lárus Axel Sigurjónsson, Reynir S. Gylfason, Selma Guðmundsdóttir, Særún Sigurjónsdóttir. Varamenn stjórnar eru þau Kristín Andrea Einarsdóttir, Lára Guðrún Gunnarsdóttir, Sólveig B. Hliðversdóttir. Fyrsti stjórnarfundur hins nýstofnaða foreldrafélagsins verður miðvikudaginn 6. október.

Á þessum sama fundi voru Marinó Már Marinósson og Særún Sigurjónsdóttir kosin fulltrúar foreldra í skólaráð.



5. Heimsóknir í Álfhólsskóla

Álfhólsskóli hefur fengið marga góða gesti í heimsókn það sem af er skólaári. Guðrún Pálsdóttir bæjarstjóri Kópavogs kom á starfsmannafund þann 16. september ásamt þeim Rannveigu Ásgeirsdóttur, formanni skólanefndar, Hannesi Sveinbjörnssyni, kennsluráðgjafa og Ragnheiði Hermannsdóttur, deildarstjóra grunnskóladeildar. Bæjarstjóri ávarpaði starfsfólk og þakkaði þeim vel unnin störf



Myndir frá landnámssýningu 5. bekkjar í listasmiðju


vegna sameiningarinnar. Þann 24. september kom Guðrún bæjarstjóri aftur í heimsókn ásamt Guðríði Arnardóttur, formanni bæjarráðs. Þær gengu um skólann og heilsuðu upp á nemendur og starfsfólk.

Álfhólsskóli er móttökuskóli fyrir nemendur í æfingakennslu á menntavísindasviði Háskóla Íslands. Á þessu ári koma til okkar þrjú hópar. Sextán nemar á fyrsta ári voru hjá okkur dagana 27. – 30. september í tveim hópum. Í október er síðan von á 5 nemum á mið- og unglíngastigi og fleiri nemum síðar í vetur.

Tveir finnskir kennarar komu til okkar í heimsókn dagana 27. – 30. september. Þeir heimsóttu 4. og 7. bekk, sýndu nemendum myndir frá Finnlandi og sögðu frá landi og þjóð. Þeir eru væntanlegir aftur síðar í vetur.

6. Staða framkvæmda

Þeir sem áttu leið um skólahúsæði Álfhólsskóla í byrjun ágúst hafa eflaust velt því fyrir sér hvort framkvæmdir myndu standast áætlun og allt yrði tilbúið og frágengið fyrir skólasetningu. Miklar breytingar voru gerðar á skrifstofurými í Hjalla og rifnar átta kennslustofur í Digranesi með tilheyrandi frágangi eins og ráðgert var. Skólalóðin hefur því stækkað til muna. Tónmennta- og textílstofur hafa verið endurnýjaðar, tölvustofa og bókasafn voru færð á milli hæða og opnað var á milli stofa á efri hæð. Í Hjalla voru hannaðar tvær nýjar náttúrufræðistofur. Kastali á lóð Hjallaskóla var færður á skólalóð Digraness, settar voru upp girðingar á skólalóð Digraness og unnið er að endurbótum lýsingar á skólalóð.



7. Á döfinni

Námsefniskynningar

Námsefniskynningar á yngsta stigi fóru fram 28. september og 5. október á miðstigi en verða 6. október á unglingsstigi, kl. 8:10.

Foreldradagur

Foreldradagur er settur samkvæmt skóladagatali fimmtudaginn 28. október. Kennarar munu hins vegar skipuleggja foreldraviðtöl vikuna 18. – 22. október vegna hópeflisferðar kennara. Ferðin er liður í sameiningarvinnu skólanna.

Tónlist fyrir alla

Föstudaginn 22. október verða tónleikar fyrir nemendur á miðstigi á vegum „Tónlist fyrir alla“. Farið verður með rútu í Háskólabíó þar sem Sinfóníu-hljómsveit Íslands flytur fyrir okkur Töfraflautuna eftir Mozart í styttri

útgáfu. Farið verður með nemendur í tveim hópum og hefjast fyrri tónleikarnir kl. 09:30 og þeir síðari kl. 11:00 og standa þeir í tæpa klukkustund. Tónleikar fyrir unglinga- og yngsta stig verða í nóvember.

Comeinusarverkefnið „Up and sing“

Þann 18. október verða þátttakendur í Comeinusarverkefninu á faraldsfæti. Þær Rúna Björk Þorsteinsdóttir og Sigríður Bjarnadóttir eru á leið til Thouars í Frakklandi með 6 nemendur úr 10. bekk. Nemendurnir hafa unnið að verkefninu og tóku m.a. á móti hinum þáttökupjóðunum í skólanum s.l. vor. Í Thouars munu nemendur vinna að laga og textagerð fyrir söngleik sem verður sýndur í Osló í maí 2011. Unnið verður í blönduðum hópum í fimm daga þar sem nemendur semja og kynnast menningu hinna þáttökupjóðanna. Með uppsetningu á söngleiknum lýkur verkefninu og er þetta næstsiðasta ferðin í þessu tveggja ára verkefni.



Frá skákæfingu í Álfrólsskóla

5. október 2010

Magnea Einarsdóttir og Sigrún Bjarnadóttir
Skólastjórar Álfrólsskóla